

## Drög að stefnu BSRB 2024-2027

Hlutverk BSRB er að berjast fyrir bættum kjörum og lífsgæðum ásamt þeim kjarasamningstengdu réttindum sem aðildarfélögin sameinast um hverju sinni. Allt okkar starf og áherslur gagnvart stjórnvöldum á hverjum tíma grundvallast á stefnu BSRB sem mörkuð var til þriggja ára á þingi BSRB í október 2024.

Meginmarkmið BSRB er að knýja fram breytingar til að byggja megi samfélag á forsendum fjöldans en ekki þeirra fáu. Samfélag sem einkennist af mennsku - þar sem öll búa við frið, jöfnuð, réttlæti og velferð með sterkri og öflugri opinberri þjónustu, innviðum og stuðningskerfum.

### Almannaþjónusta

Öflug almannaðjónusta byggð á gildum samvinnu og jafnaðar er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Eitt meginhlutverk hins opinbera er að halda uppi öflugri velferðarkerfi þar sem öllum er tryggð örugg framfærsla, framúrskarandi heilbrigðis- og félagsþjónusta, menntun og öryggi, óháð búsetu og efnahag. Til að tryggja jöfnuð verður hið opinbera að fjármagna, skipuleggja og stýra velferðarkerfinu. Lagarammi almannaðjónustunnar verður því að vera nægilega traustur til að veita vernd gegn markaðsvæðingu og stöðva þarf útvistun starfa.

Starfsfólk almannaðjónustunnar er mikilvægasta auðlind hennar. Of víða nær fjöldi starfsfólks ekki skilgreindri mannaflapörf vegna skorts á fjármagni eða af því að fólk fæst ekki til starfa. Rannsóknir sýna að starfsfólk í velferðarþjónustu upplifir verri líkamlega og andlega heilsu og minni starfsánægju samanborið við aðrar starfsstéttir. Enn fremur hefur slysatíðni verið há í opinberri þjónustu, einkum hjá lögreglu.

Til að tryggja öfluga og góða almannaðjónustu er mikilvægt að kjör endurspegli verðmætin sem störfín skapa, mönnun sé með réttum fjölda og samsetningu starfsfólks og að starfsfólk búi alltaf við besta mögulega starfsumhverfi, þar sem öryggi, þekking, gagnkvæm virðing, góð samskipti, fagmennska og heilsa er höfð að leiðarljósi. Tryggja þarf að stjórnendur hafi þekkingu og hæfni til að vinna að þessum markmiðum.

### Kjaramál

Ein af meginkröfum BSRB er að fólk geti lifað mannsæmandi lífi á launum sínum. Rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður og kerfisbundið vanmat á hefðbundnum kvennastörfum er ein helsta skýringin á launamun kynjanna. Enn fremur að helsta leiðin til að leiðrétta laun kvennastétta sé með gerð heildstæðs virðismatskerfis til að bera megi saman jafnverðmæt störf þvert á vinnustaði sem heyra undir sama launagreiðanda. BSRB leggur áherslu á að

vinna við gerð virðismatskerfis sem taki til allra starfa hjá ríkinu verði hraðað svo endurmeta megi störfina sem fyrst. Samhliða verði unnið að gerð verkfæra og fræðslu til stjórnenda sem styðji við innleiðingu. Þá verði þróuð samningaleið að nýsjálenskri fyrirmynd til að fjalla um jafnlaunakröfur einstaklinga. Starfsmatskerfi sveitarfélaganna verði einnig tekið til heildarendurskoðunar með launajafnrétti og bestu stöðu þekkingar að leiðarljósi. Þannig verði starfsfólki ríkis og sveitarfélaga tryggt jafnrétti í launum og afsláttarkjör á vinnu þeirra heyrri sögunni til.

Um fjórðungur allra á íslenskum vinnumarkaði eru innflytjendur. Rannsóknir sýna að innflytjendur eru að jafnaði með lægri laun en innfæddir, þau eru oftast með menntun umfram þá sem krafist er fyrir störfina sem þau sinna og þau verða frekar fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði. Hlutfall innflytjenda á atvinnuleysissskrá hefur hækkað mikið síðustu ár. Stjórnvöld, stéttarfélög og samfélagið allt bera ábyrgð á því að búa til inngildandi samfélag. Grípa þarf til margþættra aðgerða til þess að bæta stöðu innflytjenda, þar á meðal þarf að einfalda mat á fyrra námi, tryggja skilvirka upplýsingaþjónustu um íslenskt samfélag og réttindi á vinnumarkaði og gjaldfrjálsa íslenskukennslu á vinnutíma.

BSRB krefst þess að launamunur milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins verði jafnaður samkvæmt samkomulagi um lífeyrismál frá september 2016. Tekin hafa verið skref í rétta átt með gerð tveggja áfangasamkomulaga en BSRB leggur ríka áherslu á að vinnunni verði hraðað, komist verði að samkomulagi til framtíðar og launamuni milli markaða útrýmt. Samhliða því verði formfest sérstök launaþróunartrygging en megingiltgangur hennar er að tryggja samræmi í launaþróun á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins eftir að jöfnun hefur verið náð.

### *Stytting vinnuvikunnar*

BSRB hefur náð sögulegum árangri við styttingu vinnuvikunnar með kjarasamningum um 36 tíma vinnuviku. Lögfesta þarf styttingu vinnuvikunnar og tryggja að vinnuvika vaktavinnufólks verði 80% af vinnutíma dagvinnufólks án launaskerðingar. Á næstu árum þarf að ganga lengra í styttingu vinnutíma, með það að markmiði að vinnuvikan verði 32 stundir.

Styttri vinnuvika leiðir til meiri starfsánægju og aukinna afkasta, minni streitu vegna samþættingar fjölskyldu- og atvinnulífs, bættrar heilsu og aukinnar vellíðan. Hún stuðlar einnig að auknu jafnræði í ábyrgð á heimilis- og umönnunarstörfum, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og að konur festist ekki í hlutastörfum vegna fjölskylduábyrgðar.

### **Jafnréttismál**

Jafnrétti er leiðarljós í allri starfsemi BSRB sem stendur vörð um að stjórnvöld og atvinnurekendur vinni markvisst að jafnrétti með því að tryggja jöfn tækifæri og jafna meðferð fólks á vinnumarkaði. Sérstaklega þarf að tryggja jafna stöðu og möguleika óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, stétt, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð,

kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, tungumáli, búsetu, félagslegrar stöðu eða efnahags. Þá skal bandalagið sérstaklega vinna að inngildingu og valdeflingu jaðarsettra hópa. Gera ætti fræðslu um jafnrétti, fjölbreytileika og inngildingu að skyldu á öllum skólastigum og á vinnumarkaði.

### *Staða kynjanna á vinnumarkaði*

Kynskiptur vinnumarkaður er meginástæða launamunar kynjanna á íslenskum vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka kvenna er mjög há en um þriðjungur kvenna er í hlutastörfum vegna þess að þær axla meginábyrgð á fjölskyldu- og heimilisstörfum. Konur eru að jafnaði mun lengur frá vinnumarkaði í kjölfar barneigna sem hefur verulega neikvæð áhrif á tekjur, launaþróun og starfsþróunarmöguleika þeirra. Einnig er mikill munur milli kvenna og karla þegar kemur að valda- og áhrifastöðum þar sem hallar verulega á konur. Almennt er vinnuvika kvenna lengri en karla þegar launuð sem ólaunuð vinna er lögð saman. Grípa verður til aðgerða á hverju sviði fyrir sig til að útrýma aðstöðu- og launamuni kynjanna, fólks af erlendum uppruna, hinsegin fólks og fólks með skerta starfsgetu á vinnumarkaði.

### *Inngilding*

BSRB leggur áherslu á inngildingu þegar kemur að jaðarsettum hópum líkt og innflytjendum og fólki með erlendan bakgrunn, fólki með fötlun og hinsegin fólki. Inngilding snýst um að gera ráð fyrir fjölbreytileika fólks í öllum aðstæðum, skapa vinnumarkað og samfélag þar sem öll geta tekið virkan þátt og ólíkir hópar fólks eiga þess kost að koma að ákvarðanatöku. Ábyrgðin liggur hjá samfélaginu öllu og vinnustaðir þurfa að vinna markvisst að inngildingu og virðingu fyrir fjölbreytileika og fjölmenningu. Mikil skautun í samfélagslegri umræðu hefur ýtt undir aðgreiningu og andúð í garð innflytjenda. Það er þvert á grunngildi okkar um jöfnuð, samstöðu og mennsku. Kynt hefur verið undir þær skoðanir að fólk af erlendum uppruna séu byrði á samfélaginu þegar staðreyndin er sú að þau stuðla að þeim hagvexti sem við búum við. Innflytjendur hér á landi eru almennt vel menntaðir, ungir og heilsuhraustir einstaklingar en stór hluti þeirra vinnur störf sem hæfa ekki menntun og reynslu þeirra. Börn eru einnig fjölmennur hópur og huga þarf sérstaklega að þeim, bæði börnum af fyrstu og annarri kynslóð innflytjenda, ekki síst í skólakerfinu. Atvinnuþátttaka karla og kvenna af erlendum uppruna er hærri en þeirra sem eru fædd hér á landi. Þá sýna rannsóknir að meira en helmingur fólks sem er af erlendum uppruna er búinn að taka ákvörðun um að setjast hér að til frambúðar.

### *Fjölskylduvænt samfélag*

Til að byggja upp fjölskylduvænt samfélag telur BSRB mikilvægt að í allri opinberri stefnumörkun og fjárhagsáætlanagerð sé unnið markvisst að jafnrétti í launuðum sem ólaunuðum störfum. Lenging fæðingarorlofs í 12 mánuði var mikið framfaraskref. Hins vegar tryggja lögin ekki jafna þátttöku foreldra í fæðingarorlofi og reynslan sýnir að konur taka í mun meiri mæli lengra fæðingarorlof til að brúa bilið fram að leikskóla en karlar og verði því enn lengur frá vinnumarkaði vegna fæðingarorlofs en áður. Konur taka að meðaltali rúma 7

mánuði í fæðingarorlof á meðan karlar taka rúma fjóra. Um 20% kvenna lengir fæðingarorlof sitt umfram lögbundinn rétt. Þetta hefur verulega neikvæð áhrif á tekjur, launaþróun og starfsþróunarmöguleika kvenna sem og lífeyrisréttindi.

Jöfn þátttaka kynjanna í fæðingarorlofi stuðlar að því markmiði laganna að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Tryggja þarf að greiðslur sem samsvari lágmarkslaunum verði óskertar, fæðingarorlofsgreiðslur séu ekki lægri en lágmarkslaun og að þak á hámarksgreiðslum hafi ekki neikvæð áhrif á þátttöku karla í fæðingarorlofi.

Lögfesta þarf rétt barna til öruggrar dagvistunar af hálfu hins opinbera strax að loknu fæðingarorlofi foreldra. BSRB leggst alfarið gegn heimgreiðslum sem ýmis sveitarfélög hafa tekið upp. Miklu máli skiptir að launafólk geti brugðist við hinum ýmsu aðstæðum sem geta komið upp í einkalífi og hafi rétt til fjarvista frá vinnu vegna alvarlegra langvarandi veikinda barna án skerðingar á launum. Hið sama gildir um aukningu á réttindum til fjarvista vegna veikinda barna með tilliti til fjölda þeirra og vegna foreldra, maka eða annarra náinna ættingja eða fjölskylduaðstæðna. Slík samþætting leiðir til aukinnar starfsánægju, bættrar frammistöðu, aukinna afkasta og minni starfsmannaveltu.

#### *Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum*

Uppræta þarf kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi en rót þeirrar meinsemdar er misrétti og valdaójafnvægi kynjanna. Það þarf þekkingu, vilja og aðgerðir til að ná fram breytingum innan vinnustaða. Samkvæmt jafnréttis- og vinnuverndarlögum bera atvinnurekendur ríka ábyrgð til að gera sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að starfsfólk eða skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri eða kynbundinni áreitni eða öðru ofbeldi á vinnustað.

Atvinnurekendur og stjórnvöld þurfa að tryggja stuðning fyrir þolendur, gerendur og samstarfsfólk í kjölfar áreitni og ofbeldis. Koma þarf á fræðsluskyldu um jafnrétti, ofbeldi og áreitni á vinnustöðum fyrir stjórnendur og starfsfólk sem færir fram reglulega.

## **Menntamál**

Hornsteinn hvers samfélags eru jöfn tækifæri til menntunar. BSRB leggur áherslu á að öll njóti aðgangs að góðri menntun óháð búsetu, efnahag eða uppruna. Það verður einungis tryggt með að því staðinn verði vörður um opinbera menntun. Bandalagið leggst gegn því að skólagjöld, hvaða nafni sem þau nefnast, séu lögð á í opinberum menntastofnunum.

#### *Breytingar á vinnumarkaði*

Það er ljóst að tími mikilla breytinga er runninn upp á vinnumarkaði, annars vegar með breytingum á störfum og hins vegar með breytingu á samsetningu starfandi fólks, þá helst út frá aldri og uppruna. Gert er ráð fyrir að störfum fjölgi til að mynda í umönnun, þjónustu við aldraða og í byggingariðnaði en búist við fækkun starfa á borð við í móttökustörf,

afgreiðslustörf, störf við bakvinnslu og almenn skrifstofustörf. Samhliða eru flest störf á vinnumarkaði að verða fyrir breytingum, einkum vegna stafrænnar þróunar. Þessari þróun þarf að bregðast við með sveigjanlegu opinberu menntakerfi sem veitir öllu launafólki greiðan aðgang að öflugri sí- og endurmenntun. BSRB leggur áherslu á að félagsfólk aðildarfélaganna geti þróað starfshæfni sína þannig að það verði eftirsóknarvert á vinnumarkaði alla sína starfsævi.

### *Starfsþróunarstefna*

Menntun sem eykur hæfni verður að vera hluti af vinnustaðamenningu framtíðar og ábyrgð atvinnurekenda á símenntun starfsfólks þarf að vera tryggð í lögum og kjarasamningum. Atvinnurekendur eiga að hvetja til og styðja við starfsþróun og símenntun. Þannig þurfa vinnustaðir að setja sér starfsþróunarstefnu og vinna starfsþróunaráætlanir, bæði fyrir vinnustaði í heild sem og fyrir einstaklinga. BSRB leggur áherslu á að vinnustaðir notfæri sér verkfæri Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um réttlát umskipti sem gengur út á að teymi með fulltrúum starfsfólks og stjórnenda móti og framfylgi starfsþróunaráætlun vinnustaðarins og einstaklinga.

Auka þarf fjármagn til uppbyggingar á raunfærnimati, hæfnigreiningu starfa og Vinnustaðanáamssjóði. Samhliða þarf að efla upplýsingagjöf um þau verkfæri til launafólks auk náms- og starfsráðsgjafar. Auka þarf svigrúm starfsfólks til að nýta sín kjarasamningsbundnu réttindi til launaðra námsleyfa sem og að hvetja starfsfólk til náms á vinnutíma. Innleiðing nýrrar tækni raungerist ekki án markvissrar þjálfunar starfsfólks.

### *Símenntun á launum*

Kostnaður við sí- og endurmenntun á ekki að leggjast á starfsfólk heldur koma úr sameiginlegum sjóðum. Til þess þarf að tryggja símenntunarmiðstöðvum stöðugt fjármagn bæði til að bjóða upp á fjölbreytt námsframboði í samhengi við þarfir vinnumarkaðarins sem og að þróa ný námskeið fyrir síbreytilegan vinnumarkað.

BSRB krefst þess að fjárfest verði myndarlega í íslenskukennslu fyrir fólk með erlendan bakgrunn, en framlag stjórnvalda á Íslandi er aðeins lítið brot af því sem það er á Norðurlöndunum. Þá krefst BSRB íslenskukennslu á vinnutíma án launaskerðingar fyrir fólk af erlendum uppruna.

Evrópusambandið hefur sett sér það markmið að 60% launafólks fái sí- og endurmenntun á ári hverju. Ísland á langt í land með að ná því markmiði en samkvæmt tölum Hagstofunnar er hlutfallið hér á landi 25% á ári og aðeins 13% þegar litið er til starfsfólks sem aðeins hefur lokið grunnmenntun.

### *Fagháskólanám*

BSRB krefst þess að fagháskólanám verði sérstakt skólastig. Vinna þarf áfram að uppbyggingu þess og að námið verði sjálfsagður hluti af formlega skólakerfinu og fjármagnað af hinu opinbera. Þá þarf það að vera tryggt að þau sem hafa lokið starfs- eða iðnnámi með námslokum á þriðja hæfniprepi hafi tryggan aðgang að háskólanámi.

### *Starfsgreinaráð*

Styrkja þarf hlutverk þeirra starfsgreinaráða sem fjalla um þau störf sem félagsfólk aðildarfélag BSRB sinnir og búa ráðunum starfsaðstæður sem tryggja að þau geti sinnt hlutverkum sínum af metnaði.

### **Efnahags- og skattamál**

Öflug almannajónusta er fjárfesting í fólki og friði. Fjármálastefna stjórnvalda felur aftur á móti í sér lækkandi hlutdeild opinberra útgjalda með hliðsjón af landsframleiðslu. Niðurskurðarstefna og sú mikla samþjöppun auðs sem er að verða hér á landi er skaðleg fyrir samfélagið, ýtir undir stéttskiptingu, eykur hættuna á jaðarsetningu og fátækt, auknum ójöfnuði í ráðstöfunartekjum, heilsu og menntun. BSRB hafnar þessari stefnu sem dregur úr félagslegri samheldni, dregur þróttinn úr hagkerfinu og eykur hættu á misbeitingu pólitísku valds. Efla þarf almannajónstuna og tilfærslukerfin samhliða frekari tekjuöflun hins opinbera.

Hagstjórnarákvarðanir stjórnvalda ættu að styðja við kjarasamninga en ekki taka til baka þær kjarabætur sem launafólk ávinnur sér. Verðbólga er aftur farin á kreik eftir áratug af stöðugu verðlagi. Þetta hefur dregið úr kaupmætti launafólks. Verðbólguna má helst rekja til þess að undanfarin ár hefur skattalækkunum og óvæntum meiriháttar útgjöldum ekki verið mætt með tekjuöflun. Eftirlit stjórnvalda með markaðsöflunum er í skötulíki auk þess sem fákeppni á mörgum mörkuðum ýtir undir hærra verðlag. Skortur á húsnæði hefur valdið því að húsnæðis- og leiguverð hefur hækkað umfram verðlag og fögrum áformum um uppbyggingu hefur ekki verið fylgt eftir. Afleiðingar verðbólgunnar eru hátt vaxtastig langt umfram það sem heimilin og fyrirtækin geta borið. BSRB krefst þess að verðlagsþróun verði tekin föstum tökum með uppbyggingu húsnæðis og öflugu samkeppniseftirliti. BSRB leggur áherslu á að skattkerfið stuðli að jöfnuði og samfélagssátt. Þau sem betur eru stæð ættu að leggja hlutfallslega meira til en hin sem eru verr stödd með sérstöku skattþrepi á allra hæstu tekjurnar og stóreignaskatti á hreina eign þeirra allra ríkustu. BSRB krefst þess að brugðist verði við auknum eignajöfnuði og að eignamyndun eignarhaldsfélaga sem ekki eru í atvinnurekstri verði skattlögð hjá eigendum.

BSRB vill að fjármagnstekjuskattur verði hækkaður þannig að tekjuskattur á rekstrarhagnað og fjármagnstekjuskattur verði sambærilegur við tekjuskatt á launatekjur og að skatthlutfallið sé hærra fyrir þá sem eru með hæstu fjármagnstekjurnar. Einnig þarf að herða reglur um skattlagningu reiknaðs endurgjalds þannig að ákveðið lágmark heildartekna verði

skattlagðar sem almennar tekjur. Þá þarf að stórefla skattaeftirlit, en fjárveitingar í þann málaflökk skila sér margfalt til baka í opinbera sjóði með aukinni skattheimtu. Sveitarfélögin veita íbúum sínum mikilvæga þjónustu og verkefnum þeirra fjölga jafnt og þétt. Tekjustofnar sveitarfélaga endurspeglu ekki þessa þróun. Þessi þróun hefur leitt til þess að laun starfsfólks hjá sveitarfélögunum eru að jafnaði þau lægstu á íslenskum vinnumarkaði og uppbygging mikilvægrar grunnþjónustu er ófullnægjandi með auknu álagi á starfsfólk og fjölskyldur, sérstaklega konur. BSRB telur því nauðsynlegt að hlutdeild sveitarfélaga í skatttekjum hins opinbera verði endurskoðuð og aukin.

Ísland er ríkt af auðlindum. BSRB krefst þess að auðlindir verði í almannaeigu og þjóðin fái réttmæta hlutdeild í arðinum sem nýting þeirra skapar. Auðlindagjöld eiga að taka mið af þeirri rentu sem til verður við nýtingu auðlindanna og þau sem nýta sameiginlegar auðlindir eiga að greiða eðlilegt gjald fyrir nýtingu hvort sem er í fiskveiðum, fiskeldi eða orkunýtingu. BSRB leggur áherslu á opinbert eignarhald á grunninnviðum samfélagsins og leggst alfarið gegn sölu opinberra fyrirtækja.

Álagning kolefnisgjalds á jarðefnaeldsneyti er mikilvægur liður í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. BSRB krefst þess að áður en ákvarðanir um skattlagningu eða skattaívilnanir til að draga úr losun eru teknar verði gerð greining á áhrifum skattlagningarinnar á mismunandi tekjuhópa. Ef byrðarnar reynast leggjast þungt á tekjulægri hópa verður að bregðast við með fjárfestingum í loftslagsvænni þjónustu sem getur komið í stað þeirrar sem verið er að skattleggja eða með beingreiðslum til tekjulægri hópa sem verst verða fyrir barðinu á skattlagningunni.

### *Barnabætur*

BSRB telur það forgangsmál að bæta stöðu tekjulægri fjölskyldna. Samfélag jafnaðar verður ekki byggt nema allar fjölskyldur geti boðið börnunum sínum upp á sambærileg tækifæri óháð efnahag og búsetu. Sérstaklega þarf að auka stuðning við einstæða foreldra en börn þeirra eru í mun meiri áhættu að lenda í fátækt en önnur börn.

Ísland sker sig úr gagnvart hinum Norðurlöndunum hvað barnabætur varðar. Norræna velferðarkerfið gerir almennt ráð fyrir því að réttur til barnabóta sé sá sami vegna allra barna óháð efnahag foreldra nema í Danmörku þar sem barnabætur eru skertar hjá fólki sem er komið um eða yfir meðaltekjur. BSRB telur nauðsynlegt að endurskoða íslenska kerfið frá grunni, líta til danska kerfisins sem fyrirmyndar og leggja bestu mögulegu gögn um kjör barnafjölskyldna til grundvallar. Hér á landi hafa verið gerðar umbætur á barnabótakerfinu í tengslum við gerð kjarasamninga en ganga þarf mun lengra til að tryggja að bæturnar skerðist ekki fyrr en við meðallaun en nú fá aðeins tekjulægstu fjölskyldurnar fullar barnabætur. Barnabætur eiga að fylgja launapróun og vera þær sömu fyrir öll börn óháð aldri.

### *Húsnæðisstuðningur*

BSRB leggur áherslu á að húsnæðisstuðningskerfin tryggi að húsnæðiskostnaður sé ekki umfram 25% af tekjum svo að tekjulægri heimili og fólk með þunga framfærslubyrði séu ekki með íþyngjandi byrði húsnæðiskostnaðar.

Beinn húsnæðisstuðningur ríkisins við eigendur hefur tekið eðlisbreytingum með heimild til að nýta skattfrjálsan séreignasparnað til að greiða niður húsnæðislán. Greiningar sýna að stuðningurinn nýtist fyrst og fremst tekjuhæstu hópunum auk þess sem ríki og sveitarfélög verða af skatttekjum til framtíðar. Á sama tíma hefur dregið úr stuðningi vaxtabótakerfisins ár frá ári og eru fjárframlög til kerfisins nú hverfandi. Því er mikilvægt að húsnæðisstuðningur til fólks sem býr í eigin húsnæði verði endurskoðaður frá grunni.

Húsnæðisbætur til leigjenda hafa hækkað á undanförunum árum til samræmis við verðlag. Tryggja þarf að þessi þróun haldi áfram. Húsnæðisstuðningur til leigjenda er tvíþættur, annars vegar tekju- og eignatengdar almennar húsnæðisbætur sem ríkissjóður fjármagnar og hins vegar sérstakur tekju- og eignatengdur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga. Sum sveitarfélög binda stuðninginn ákveðnum skilyrðum um félagslega stöðu en önnur ekki. Unnið hefur verið að því að sameina bæði kerfin í eitt til að tryggja jafnræði milli leigjenda óháð búsetu en fjármögnun hefur ekki verið tryggð. BSRB krefst þess að tryggt verði fjármagn svo að hægt verði að sameina kerfin, leigjendum til hagsbóta.

### *Atvinnuleysis- og almannatryggingar*

Fólk á rétt á öruggri afkomu í gegnum ólík æviskeið, aðstæður og áföll á lífsleiðinni. Öryggisnetið á að tryggja afkomu okkar þegar við veikjumst, slösumst, eldumst eða missum vinnuna. Á Íslandi eru hópar aldraðra, öryrkja, atvinnulausra og vinnandi fólks sem búa við ótrygga afkomu og líða efnislegan skort. Það er bæði óþarft og óásættanlegt. Tryggja þarf að fjárhæðir almannatrygginga og frítekjumörk fylgi launaþróun og hækka verður atvinnuleysisbætur þannig að þær séu ekki lægri en lægstu laun á vinnumarkaði. Tekjutengdar bætur greiðist strax í kjölfar atvinnumissis og í sex mánuði.

### **Heilbrigðismál**

Heilbrigðiskerfið er grunnstoð samfélagsins. Góð heilbrigðisþjónusta bætir lífsgæði fólks og öryggi auk þess sem góð heilsa er þjóðhagslega hagkvæm. Fjármagna skal heilbrigðiskerfið úr sameiginlegum sjóðum. Kerfið á að tryggja öllum jafnan aðgang að fyrsta flokks gjaldfrjálsri þjónustu óháð búsetu. Forsenda þess er að fjöldi starfsfólks sé í samræmi við þörf og þá kröfu sem gerð er til heilbrigðisþjónustunnar sem og gott og öruggt starfsumhverfi.

Fjárskortur margra mikilvægra heilbrigðisstofnana hefur leitt til undirmönnunnar, gríðarlegs álags á starfsfólk og aukinnar hættu á langtímaveikindum og örorku. Mikilvæg þjónusta hefur verið skorin niður, biðlistar hafa lengst og einkafyrirtæki taka yfir sífellt stærri hluta



þjónustunnar. Skortur á viðeigandi þjónustuúrræðum fyrir aldraða skapar einnig vanda fyrir heilbrigðiskerfið því ekki er hægt að útskrifa fólk af sjúkrahúsum ef hjúkrunarrými skortir. Rannsókn embættis landlæknis á heilsuójöfnuði á Íslandi sýnir að þrátt fyrir að heilsa og vellíðan fari að jafnaði batnandi hér á landi fer heilsuójöfnuður vaxandi. Þau sem búa við kröpp kjör og eru með minni menntun búa við lakari heilsu og lífsgæði heldur en þau sem eru með hærri tekjur og lengri skólagöngu. Þau eru jafnframt líklegri til þess að leita ekki læknaaðstoðar vegna kostnaðar þjónustunnar. Rannsóknir sýna að almennt búa konur og innflytjendur við verri heilsu en aðrir. Þessi ójöfnuður hefur veruleg áhrif á lífsgæði og lífslíkur. BSRB krefst þess að brugðist verði við þessa þróun.

BSRB leggst alfarið gegn markaðsvæðingu heilbrigðisþjónustu og gjaldtöku sem byggir á hagnaðarsjónarmiðum. Einkarekstur dregur úr skilvirkni kerfisins, yfirsýn og samhfæingu, eykur hættu á oflækningum og torveldar eftirlit með gæðum og umfangi. Aukin áhersla á einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu bitnar helst á þeim sem þurfa á þjónustunni að halda, vegna aukins kostnaðar. Einkavæðing eykur þrýsting á launalækkanir og uppsagnir starfsfólks til að auka hagnað af rekstrinum sem rennur þá í vasa eigendanna á kostnað launafólks og gæða þjónustunnar.

Efla þarf fjarheilbrigðisþjónustu, sjúkraflutninga og sjúkraflug, hækka endurgreiðslur á ferða- og dvalarkostnaði íbúa á landsbyggðinni og tryggja að heimaþjónusta aldraðra sé í samræmi við gefin fyrirheit um landið allt. Þá þarf að stórbæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, sér í lagi barna og aldraðra.

## Húsnæðismál

Húsnæðisöryggi, hvort sem er í leiguhúsnæði eða séreign, er mannréttindi. Hið opinbera á að tryggja að öll hafi aðgengi að heilsusamlegu húsnæði á viðráðanlegu verði. Sagan sýnir að markaðurinn einn og sér mun ekki leysa vandann. Það er á ábyrgð ríkis og sveitarfélaga að tryggja að byggt sé nægt íbúðarhúsnæði fyrir alla hópa samfélagsins.

Skynsamlegasta leiðin til að auka húsnæðisöryggi er að greiða niður húsnæði fyrir tekjulægri hópa og þau sem eru með mikla framfærslubyrði að því markmiði að fólk greiði ekki meira en 25% af tekjum sínum í húsnæðiskostnað og hafi raunverulegt val á milli leigu, eignar og búseturéttar. Reynslan sýnir að áherslan á auknar lánveitingar hefur áhrif til hækkunar húsnæðisverðs og gerir öflun húsnæðis enn torveldari fyrir þau sem eru að koma ný inn á markaðinn. Slíkar aðgerðir hafa bein áhrif á efnahagskerfið með aukinni verðbólgu og óstöðugleika.

Almenna íbúðakerfið hefur sannað sig og íbúðum í kerfinu fjölgar ár frá ári. Þjarg, leigufélag BSRB og ASÍ, er burðarásinn í því kerfi og stuðlar að húsnæðisöryggi launafólks í lægri tekjuhópum. BSRB leggur ríka áherslu á að árleg stofnframlög frá ríki og sveitarfélögum verði

að lágmarki fyrir þúsund íbúðum árlega til að mæta brýnni þörf launafólks fyrir húsnæði á viðráðanlegu verði og til að flýta uppbyggingu.

BSRB leggur áherslu á að ríki og sveitarfélög greiði götu leigufélagsins Blævar, sem er leigufélag í eigu BSRB og ASÍ. Mikilvægt er að auka valkosti launafólks á húsnæðismarkaði sem er yfir tekjuviðmiðum í almenna íbúðakerfinu og stuðla þannig að húsnæðisöryggi fyrir alla.

## Umhverfismál

Loftslagsmálin eru stærsta áskorunin sem þjóðir heimsins standa frammi fyrir. Tíminn til að bregðast við hlýnun jarðar er að renna út. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda og binding kolefnis eiga því að vera efst á verkefnislista stjórnvalda. BSRB styður loftslagsmarkmið stjórnvalda en krefst þess að meiri þungi verði settur í aðgerðir því hlýnun jarðar ógnar öryggi og lífsgæðum mannkyns. Hraða þarf aðgerðum til að draga úr losun þeirra atvinnugreina sem bera mesta ábyrgð á losun á Íslandi. Einnig þarf að flýta uppbyggingu almenningssamgangna og tryggja að þær verði í opinberum rekstri, líkt og önnur innviðaupbygging vegna loftslagsaðgerða og aðlögunar að loftslagsbreytingum.

BSRB krefst þess að réttlát umskipti verði höfð að leiðarljósi í aðgerðum gegn loftslagsbreytingum og þeim breytingum sem óhjákvæmilegar eru. Markmið réttláttra umskipta eru að fjárfestingar skapi græn störf og að tekjulægri hópar taki ekki á sig hlutfallslega meiri byrðar. Græn störf eru þau störf sem stuðla að samdrætti í losun, tryggja mannsæmandi laun, vinnumarkaðstengd réttindi og gott starfsumhverfi. BSRB telur nauðsynlegt að aðilar vinnumarkaðarins setji sér sameiginleg markmið um réttlát umskipti svo að réttindi og kjör launafólks séu tryggð, ekki síður en atvinnulífsins.

BSRB krefst þess að auðlindir landsins verði í almannaeigu og aðgangur allra að hreinu drykkjarvatni sé tryggður. Nýting náttúruauðlinda þarf að vera sjálfbær og víðtæk samfélagsleg sátt þarf að ríkja um nýtingu þeirra. Stefna á að enn frekari friðlýsingu og nýju ákvæði í stjórnarskrá um vernd náttúru, óbyggðra víðerna og umhverfis.

## Atvinnumál

Hátt atvinnustig er ein af undirstoðum velferðarsamfélagsins og því er brýnasta viðfangsefni stjórnvalda hvers tíma að búa svo um að sem flest hafi tök á að stunda atvinnu.

### *Atvinnustefna*

BSRB leggur áherslu á að mótuð verði atvinnustefna fyrir Ísland í samráði við aðila vinnumarkaðarins til að efla stoðir efnahagskerfisins. Vinnumarkaðurinn er að taka miklum breytingum, þá helst vegna tækniþróunar, breyttrar samsetningar þjóðarinnar með tillit til aldurs og uppruna og loftslagsbreytinga. Stefnan þarf einnig að taka mið af réttlátum umskiptum til kolefnishlutleysis. Fyrir vinnumarkaðinn þýðir það að leggja þarf áherslu á grænar fjárfestingar sem skapa störf sem eru launuð með sanngjörnum hætti, veita

atvinnuöryggi og vinnumarkaðstengd réttindi. Mikilvægur liður í umskiptunum er að gera fólki kleift að efla þekkingu sína og færni með sí- og endurmenntun á launum til að takast á við ný eða breytt störf.

### *Landshlutar*

BSRB vill að staða landshlutanna verði styrkt svo þeir hafi aðdráttarafl fyrir fólk til búsetu og starfa. Styrkja verður uppbyggingu atvinnulífs og opinberrar þjónustu á landinu öllu. Verð á orku þarf að vera sambærilegt um land allt og sömuleiðis aðgengi að netsambandi og ljúka þarf ljósleiðaravæðingu sem er forsenda starfa og menntunar án staðsetningar.

### *Öflug almannþjónusta*

Opinber vinnumarkaður veitir almannþjónustu sem tryggir jafnræði og aðgengi að félagslegum innviðum líkt og heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og menntun og opinberar fjárfestingar tryggja efnislega innviði eins og mannvirki, samgöngur og fjarskipti. Þannig skila almannþjónustan og opinberar fjárfestingar samfélagslegum arði með því að mynda þann grunn sem nauðsynlegur er fyrir öflugt atvinnulíf og nýsköpun. BSRB krefst þess að almannþjónustan verði eflað með því að byggja upp enn sterkari opinberan vinnumarkað sem er samkeppnisfær um starfsfólk við hinn almenna vinnumarkað.

### **Lífeyrismál**

Lífeyriskerfi Íslendinga stendur á sterkum grunni byggðum á þremur stöðum: Opinberu almannatryggingakerfi, atvinnutengdum lífeyrissjóðum með skylduaðild og frjálsum lífeyrissparnaði. Styrkur íslenska kerfisins felst að stórum hluta í sjóðsöfnun en með því er átt við að eignir eru lagðar fyrir jafnóðum og réttinda er aflað til greiðslu lífeyris síðar.

### *Lífeyrissjóðir*

Með lögfestingu tilgreindrar séreignar árið 2023 hefur samtryggingarþáttur lífeyriskerfisins veikt á kostnað séreignar, ósamræmi í kerfinu aukist sem og áhætta sjóðsfélaga. Breytingin getur haft verulega neikvæð áhrif á lífeyrissjóðum tekjulægra fólks, kvenna og þeirra sem verða öryrkjar snemma á starfsævinni. Markmiðið með jöfnun lífeyrissjóðanna á milli opinbera og almenna vinnumarkaðarins, samkvæmt samkomulagi sem var gert árið 2016, var að samræma lífeyrissjóðum og auka sjálfbærni kerfisins. Lögfesting tilgreindrar séreignar gengur þvert á þau markmið. BSRB er mótfallið breytingum á lífeyrissjóðunum sem auka flækjustig þess og áhættu sjóðsfélaga.

BSRB leggur ríka áherslu á að staðinn verði vörður um samtryggingarsjóðina og að breytingar á lífeyrissjóðakerfinu stuðli að styrkingu þeirra. Tryggja þarf meiri jöfnun milli sjóða vegna mismunandi örorkubyrði með auknum fjárframlögum frá ríkinu og draga úr hvötum til séreignarsparnaðar innan skylduiðgjalda. Hvatarnir birtast meðal annars í því að hægt er að taka hann út frá 60 til 62 ára aldri. Misrétti skapast milli þeirra sem eru með allan sinn lífeyri í samtryggingu og hinna sem geta tekið hluta skyldubundna lífeyrisins út sem séreign áður en

starfsævi lýkur. Þau sem hafa tekið út þá séreign sína sem er hluti af skylduiðgjaldi fá þannig lægri greiðslur úr lífeyrissjóði þegar starfsævinni lýkur en auka tekjur sínar með hærri greiðslum frá almannatryggingum. BSRB er á móti einstaklingshyggju í lífeyrismálum og krefst þess að stjórnvöld beygi af þeirri braut.

BSRB krefst þess að þær stéttir sem þurfa að hætta að vinna fyrir, til dæmis vegna álags í starfi sem slítur þeim fyrir aldur fram, fái rétt til snemmtöku lífeyris sem fjármagnaður verði sérstaklega með herra mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð. Sömuleiðis þarf að tryggja að fólk sem þess óskar geti unnið þrátt fyrir að 70 ára aldri sé náð og njóti þess í lífeyrisréttindum sínum.

### *Almannatryggingar*

Almannatryggingar eru mikilvægur hluti af öryggisneti velferðarsamfélagsins til að tryggja mannsæmandi lífskjör þeirra sem ekki hafa náð að safna nægilegum lífeyrissparnaði á starfsævinni eða hafa misst starfsgetu vegna veikinda, slysa eða fötlunar.

BSRB krefst þess að launafólk sem greitt hefur í lífeyrissjóði alla starfsævina sjái þess stað í afkomu sinni þegar kemur að starfslokum. Tryggja þarf að greiðslur almannatrygginga fylgi launaþróun í landinu og hækka þarf almenn frítekjumörk sem hafa staðið í stað frá árinu 2017. Þannig hefur sífellt herra hlutfall greiðslna frá lífeyrissjóði skert greiðslur almannatrygginga því frítekjumörkin hafa ekki þróast til samræmis við verðlag.

BSRB styður meginmarkmið nýs örorkulífeyriskerfis sem eru m.a. að bæta afkomu örorkulífeyrisþega, einfalda örorkulífeyriskerfið og auðvelda þátttöku og endurkomu einstaklinga á vinnumarkað eftir áföll. Mikilvægt er að fólki sé gert kleift að snúa aftur á vinnumarkaðinn eftir veikindi, slys eða önnur áföll. Rannsóknir sýna að fjárhagsáhyggjur og slæm fjárhagsstaða hafa verulega neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks og geta leitt til langtímaveikinda. BSRB telur þó ýmsa ágalla á nýju fyrirkomulagi í tengslum við starfsgetumat örorkulífeyriskerfisins. Heilsugæslunni er falið veigamikið hlutverk í nýju kerfi en heilsugæslan hefur verið vanfjármögnuð um árabil og þjónustan skert. Án viðbótarfjármagns mun heilsugæslan veikjast enn frekar og hið opinbera heilbrigðiskerfi þar með. Ný tegund virknigreiðslna frá Vinnumálastofnun fyrir þá sem eru á hlutaörorku veldur líka áhyggjum. Í raun er búið að setja hluta fólks með skerta starfsgetu í þá stöðu að eiga erfitt með að hafna atvinnu af ótta við að missa virknigreiðslurnar. BSRB telur nýtt kerfi ekki taka tillit til þess að fólk með skerta starfsgetu er ekki í sömu aðstæðum og fólk sem er í atvinnuleysistryggingakerfinu. Einnig þarf að tryggja að framboð á viðeigandi hlutastörfum sé til staðar, ekki síst hjá hinu opinbera. BSRB hafnar skilyrðingum á atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu og mun berjast fyrir því að þessi þáttur nýs kerfis verði endurskoðaður sérstaklega þegar til endurskoðunar kerfisins kemur í árslok 2028. BSRB leggur einnig áherslu á að almannatryggingar og lífeyrissjóðir vinni betur saman þegar kemur að réttindum vegna örorku.